# Strandabyggð - starfsáætlun fræðslunefndar með upplýsingum um skyldur og ábyrgð fræðslunefnda

<table>
<tr>
<th>Skyldur og ábyrgð fræðslunefnda - yfirlit yfir viðfangsefni leik- og grunnskólans.<br><br>Listi þessi er byggður á tveimur gátlistum, annarsvegar gátlista sem birtast í viðauka handbókarinnar: "<u>Yfirlit um skyldur og ábyrgð fræðslunefnda</u>".<br>Hinsvegar á gátlista Reykjavíkurborgar; Skóla- og frístundasviðs: Gátlisti um starfsáætlun skóla 2015-2016.</th>
<th>Tímalína - hugmyndir<br><br>Hvenær ársins er eðlilegt að kalla eftir þeim upplýsingum sem skólastjórar grunnskóla og leikskólastjórar eiga að standa skil á gagnvart skólanefnd.</th>
</tr>
<tr>
<td>Stefna skólans:
<ul>
<li>Framtíðarsýn</li>
<li>Einkunnarorð</li>
<li>Sérstakar áherslur í skólastarfi. Uppeldisáætlun og kennslufræðileg áætlun skólans.</li>
</ul>
<u>Eðlilegt er að stefna skólans birtist með skýrum hætti í öllu starfi skólans.</u>
<ul>
<li>Stefna og sýn birtist gjarnan í skólanámskrá og skýrt á vefsíðu skólans og í skólahúsnæði.</li>
<li>Það er eðlilegt að endurskoða stefnu skólans á 5 til 10 ára fresti, allt eftir því hvaða breytingar verða t.d. á menntastefnu yfirvalda og í samfélaginu.</li>
</ul></td>
<td>Ágúst/september<br><br>Á haustfundi í byrjun kjörtímabils með fræðslunefnd er eðlilegt að leik- og grunnskólastjórar útskýri fyrir nefndarmönnum hvernig stefna skólans er hugsuð og hvernig hún á að birtast í skólastarfinu.<br><br>Á hverju ári, ræða hvort að skólastefna sveitarfélagsins og stefna skólann standist tímans tönn.</td>
</tr>
<tr>
<td>Upplýsingar um stjórnskipulag:<br><br>Upplýsingar um stjórnskipulag ættu að birtast skýrt á vefsíðu skólans og í starfsáætlun leik- og grunnskóla. Er í starfsáætlun skólans birtar upplýsingar um alla þá þætti sem tilgreindir eru í Aðalnámskrá?<br><br>Stjórnskipulag skóla:
<ul>
<li>Skipurit skóla.</li>
<li>Skólaráð og hlutverk þess. Starfsáætlun skólaráðs á að birtast í starfsáætlun.</li>
<li>Fyrirkomulag skólastjórnunar. Stjórnendateymi, hvernig er það skipulagt?</li>
<li>Nöfn, netföng og símanúmer þeirra sem sinna trúnaðarstörfum fyrir skólann og stafa við skólann.</li>
</ul>
Skóladagatal og starfstími nemenda í grunnskóla:
<ul>
<li>Níu mánuðir, 180 stafsdagar að lágmarki
<ul>
<li>Kennsludagar 170 að lágmarki</li>
<li>Vikulegur stundafjöldi:
<ul>
<li>1.-4. bekkur 1200 mín.</li>
<li>5.-7. bekkur 1400 mín.</li>
<li>8.-10. bekur 1480 mín.</li>
<li>Hvernig er valgreinum á unglingastigi komið fyrir?</li>
</ul></li>
</ul></li>
<li>Skóladagatal og starfstími barna í leikskólum:
<ul>
<li>Starfsdagar og frídagar.</li>
<li>Skipulag skóladagsins.</li>
</ul></li>
</ul>
Stundaskrá/samfelldur skóladagur, réttur nemenda:
<ul>
<li>Er stundaskráin barnvæn og samfelld?</li>
<li>Hafa allir nemendur umsjónarkennara?</li>
<li>Fá öll börn á svæðinu á aldrinum 6-16 ára lögbundna fræðslu?</li>
<li>Hafa allir nemendur aðgang að náms- og starfsráðgjöf?</li>
<li>Liggja fyrir áætlanir um mótttöku nýrra nemenda við skólann?</li>
<li>Eiga nemendur á unglingastigi þess kost að stunda nám í framhaldsskólaáföngum samhliða grunnskólanámi?</li>
<li>Er nemendaráð starfandi við skólann?</li>
</ul></td>
<td>Maí<br>Niðurstöður samræmdra könnunarprófa. Hafa orðið eðlilegar framfarir nemenda á milli prófana?<br><br>Maí/júní<br>Að vori ættu skólastjórnendur að leggja mat á starfsáætlun - þeirri sömu og lögð var fram að hausti og kynna fyrir sveitastjórnarmönnum.<br><br>Apríl/júní<br>Hvaða kennslumagn er miðað við að grunn-skólastjóri geti unnið með við stundatöflugerð?<br>Hvernig er fyrirkomulag sérkennslu næsta árs hugsað?<br>Drög að skóladagatali tilbúin.</td>
</tr>
</table>

| | |
|---|---|
| ○ Eru lög félagsins til?<br>○ Liggur starfsáætlun fyrir?<br>○ Hafa nemendur vettvang til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri? Og er hvatt til þeirra þáttöku?<br><br>**Skólareglur:**<br>● Hafa skólareglur eða samskiptareglur verið settar?<br>● Eru reglurnar í samræmi við uppeldisstefnu skólans?<br>**Skólaakstur**<br>● Er áætlun um skólaakstur aðgengileg íbúum?<br>● Eru reglur um skólaakstur uppfylltar?<br>**Mötuneyti**<br>● Eiga nemendur kost á máltíð í skólanum á skólatíma?<br>**Foreldrasamstarf**<br>● Reglur um foreldrafélag<br>● Nöfn foreldra í foreldrafélagi.<br>● Starfsáætlun foreldrafélags/hefðir félagsins og starfsemi.<br><br>**Námsmat** - stefna skólans um námsmat á að birtast í skólanámskrá. Viðmið um fjölbreytt námsmat ætti að birtast í skólanámskrá.<br>Jafnfram.<br>● Skimanaáætlun á að vera til fyrir alla árganga<br>● Samræmd próf - 4., 7. og 9. bekk.<br>● Lesferill og önnur skimunarpróf frá menntamálastofnun. | **Ágúst/september**<br>Á hverju hausti ætti skólanefnd að kalla eftir starfsáætlun frá leik- og grunnskólastjórum og bóka að tekið hafi verið við henni<br><br>**Október og febrúar**<br>Óska eftir niðurstöðum úr lesferli MMS. Hafa orðið eðilegar framfarir á milli mælinga hjá nemendum?<br>Leikskóli; hafa skimanir farið fram samkvæmt áætlunum? |
| **Sérfræðiþjónusta**<br>● Fyrirkomulag sérfræðiþjónustu við starfsfólk skólanna.<br>● Fyrirkomulag sálfræði sérfræðiþjónustu við börn.<br>● Nemendaverndarráð<br>● Samstarf við heilsugæslu<br>● Sjúkrakennsla<br>● Liggja fyrir áætlanir um mótttöku nýrra nemenda með annað tungumál en íslensku? | **Ágúst/september**<br>Skipulag sérfræðiþjónustu, hvernig er fyrirkomulagið? Er Nemendaverndarráð fullskipað og hvernig er starfsáætlunin?<br>Er sérkennari í skólanum/skólunum?<br>Er sérkennari eða sérkennslustjóri í leikskólanum? Er faglegur stuðningur við ófaglærða sérkennara í leikskólum? |
| **Skólanámskrá:**<br>Skólanámskrá er lýsing á hvað á að gera í skólanum og hvers vegna. Í skólanámskrá birtist kennslufræðilega stefna skólans og hvernig skólinn útfærir þau markmið sem birtast í aðalnámskrá, kennslu, nám og námsmat. Skólanámskrá breytist ekki í eðli sínu mikið á milli ára en eðlilegt að hún sé endurskoðuð á hverju ári.<br><br>**Skólanámskrá;**<br>● Hefur skólanefnd staðfest námskrá skólans?<br>● Er í skólanámskrá birtar upplýsingar um alla þá þætti sem tilgreindir eru í Aðalnámskrá?<br>● Er skólanámskrá aðgengileg á vef skólans í bútum eða í heild sinni?<br>● Birtast kennsluáætlanir í skólanámskrá eða eru aðgengilegar foreldrum t.d. í gegnum lokað net? | **September/október**<br>Hafa orðið miklar breytingar á skólanámskrá skólans? Ef svo, í hverju felast þær breytingar. Staðfesta breytingar. |
| **Mat á skólastarfi:**<br>Mat á skólastarfi skiptist í innra og ytra mat.<br><br>Ytra mat er það mat sem yfirvöld menntamála gera á einhverra ára fresti og nefnist í daglegu tali "Ytra mat". Langur tími líður á milli þess sem ytra mat yfirvalda er gert. Sveitarfélögum er í sjálfsvald sett hvort þeir leita til einkaaðila til þess að gera úttekt á því hvað skólarnir standa gagnvart viðmiðum um ytra mat á skólastarfi í leik og grunnskólum. Eðilegt væri að kalla eftir slíku mati reglulega, t.d á þriggja til fimm ára fresti til að tryggja að skólastarf fari fram í það minnsta með lögbundnum hætti. | **Desember**<br>Kalla eftir niðurstöðu á innra mati á þeim þætti sem tekinn er fyrir það haustið samkvæmt sjálfsmatsáætlun.<br>Úrbótaáætlun ætti að liggja fyrir um þetta leyti. |

| | |
|---|---|
| Innra mat/sjálfsmat er sameigilegt verkefni skólastjóra, starfsmanna skóla, foreldra og nemenda. Sett eru viðmið um árangur og lagðar fram mælingar á því hvernig skólinn stendur gagnvart sínum eigin viðmiðum.<br><br>**Innra mat/sjálfsmat:**<br>● Hefur skólinn sett sér sjálfsmatsáætlun sem birtist í starfsáætlun að hausti? Eðlilegt er að taka einn þátt fyrir á önn og að sjálfsmatsáætlunin nái yfir nokkur ár.<br>○ Eftir að hver liður hefur verið metinn á að liggja fyrir niðurstaða í skýrslu og ef niðurstaðan er ekki ásættanleg miðað við viðmið þá þarf að gera úrbótaáætlun.<br>● Eru viðmið skólans um árangur skýr? Og hvernig á að meta árangurinn?<br>○ Birtast viðmið um fjölbreytta kennsluhætti?<br>○ Birtast viðmið um fjölbreytt námsmat?<br>○ Umbótaáætlun (kalla eftir umbótaáætlun eftir hvern matsþátt). Ganga umbætur eftir (kalla eftir á næstu önn). | **Mars/apríl**<br>Hefur verið brugðist við atriðum úr úrbótaáætlun sem lögð var fram í desember? Hefur verið bætt úr því sem áætlað var að bæta?<br><br>Kalla á sama tíma eftir seinni þættinum sem skoðaður var á skólaárinu. Hvernig kom hann út og hvaða þætti þarf að bæta.<br><br>**Júní/ágúst**<br>Í júní og í síðasta lagi í ágúst ætti að vera búið að koma úrbótum frá. |
| **Stuðlar skólanefnd að gagnvirku samstarfi leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu?**<br><br>● Er samstarf skólans við leikskóla í sveitarfélaginu með skipulögðum hætti?<br>● Liggur fyrir áætlun um samstarf í starfsáætlunum leik- og grunnskólans?<br>● Er grunnskólinn í samstarfi við aðila utan skólans og kemur það fram í starfsáætlun grunnskólans? Er samstarfið reglubundið og liggur fyrir áætlun um samstarf í starfsáætlun grunnskólans? | **Nóvember.**<br>Ræða og skoða samstarfsmöguleika allra skólastiga á svæðinu.<br>Hér er tækifæri fyrir sveitarfélagið að leiða saman atvinnulífið og skólana með formlegum hætti. |
| **Starfsmannastefna - starfsmanna"handbók"**<br><br>Endurskoðun á starfsmannastefnu skólans. Starfsmannastefna ætti að birtast í handbók skóla, eða í starfsáætlun. Best er að birta starfsmannastefnu á heimasíðu eins og aðrar upplýsingar. Ásamt öllu því sem fram kemur í starfsmannahandbók eða undir þeim lið.<br><br>● Starfsmannastefna<br>● Áætlun um móttöku nýrra starfsmanna<br>● Starfsmannalisti<br>● Nöfn, netföng og starfsheiti<br>● Nöfn trúnaðarmanna og öryggisvarða.<br>● Verksvið starfsmanna.<br>● Starfsþróunaráætlun<br>● Starfsmannaviðtöl við alla starfsmenn. Áætlaður tímarammi. | **Ágúst/september** .<br>Skólastjóri fundar með kennurum og gerir með þeim svokallað vinnuramma sem byggir á kjarasamningum kennara (a.m.k. þegar þetta er ritað). Þetta er sá samningur sem skólastjóri gerir á milli sín og þeirra grunnskólakennara og leiðbeinenda sem starfa við skólann. Í þessu viðtali er starfshlutfall undirritað og tímafjöldi sem kennarar kenna ákveðinn. Jafnframt hvaða aukaverkefni kennarar taka að sér.<br><br>**Febrúar**<br>Starfsmannamál geta verið flókin. Um mitt skólaárið er gott að fara yfir starfsmannastefnu skólans. Starfsmannaviðtöl eru oft haldin í mars/apríl og skólastjóri getur upplýst hverjar áherslur í starfsmannaviðtölum eru.<br><br>**Maí**<br>Auglýsa eftir starfsfólki í samráði við skólastjóra. Í lok apríl liggur yfirleitt fyrir hverjir ætla sér að starfa áfram við skólann. |
| **Skólahúsnæði/öryggismál**<br>● Uppfyllir skólahúsnæðið kröfur laga og reglugerða?<br>● Uppfyllir aðbúnaður á útivistar- og leiksvæði/skólalóð kröfur laga og reglugerða? | **Mars**<br>Fræðslunefnd biðji skólastjóra að gera grein fyrir stöðu |

| | |
|---|---|
| • Uppfyllir búnaður í skólanum kröfur laga og reglugerða?<br>• Eru uppfylltar kröfur laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi í skólanum og á skólalóð?<br><br>**Öryggishandbók**<br>• Skólinn á að lýsa hvernig öryggisatriðum er uppfyllt í sérstari öryggishandbók skólans. | öryggishandbókar. Er hún til staðar? Hefur hún verið endurskoðuð nýlega. |
| **Áætlanir**<br>Áætlanir eru ýmist birtar í starfsáætlun eða skólanámskrá. Í einhverjum tilvikum eru þær birtar á heimasíðu skólanna án þess að koma beint fram í starfsáætlunum eða skólanámskrá. Þessar áætlanir þarf að endurskoða reglulega og tryggja að það sé brugðist við með áætlunum og að þær virki.<br><br>• Eineltisáætlun<br>• Áfallaáælun/áfallaráð<br>• Læsisstefna<br>• Eldvarnar- og rýmingaráætlun<br>• Áætlun um viðbrögð við óveðri<br>• Mannréttinda og jafnréttisáætlun<br>• Áætlun um verndun persónugagna.<br>• Umhverfisstefna<br>• Samstarf við tónlistarskóla<br>• Þróunarverkefni - sérstakar áherslur.<br>• Stefna, viðbrögð og vinnuferli starfsfólks skóla við samskiptavanda, líkamlegu og andlegu ofbeldi/einelti nemenda<br>• Öryggisáætun<br>• Forvarnaráætlun | **Nóvember**<br>Ef áætlanir hafa ekki allar legið fyrir að hausti í starfsáætlun skóla eða skólanámskrá er gott að kalla eftir stöðu á eftirfarandi áætlunum. |

| 6. ágúst | 3. september | 8. október | 5. nóvember | 4. febrúar | 8. apríl | 6. maí/3. júní |
|---|---|---|---|---|---|---|
| • Mat á starfsáætlun<br>• Sýn og stefna<br>• Skóladagatal lokaútgáfa | • Kalla eftir starfsáætlun<br>• Sérkennslumál<br>• Fjárhagsáætlun | • Skólanámskrá - Deildarnámskrár, þarfnast þær endurskoðunar? Staða sameiningarmála og áætlanagerðar.<br>• Sérfræðiþj. og sérkennsla - kynningu á skipulagi.<br>• Vinnurammi kennara kláraður - kalla eftir lokaskipulagi á stöðugildum og nýtingu starfsmanna. . | • Kalla eftir innra mats áætlun skólans fyrir veturinn.<br>• Erindisbréf. | • Undirbúa starfsmanna viðtöl<br>• Starfsmannastefna skólans - á hún ennþá við. | • Lesferill og aðrar skimanir MMS - hafa framfarir nemenda verið eðlilegar?<br>• Drög að skóladagatali<br>• Úthluta kennslumagn næsta árs eftir óskum skólastjóra.<br>• Hafa allar áætlanir verið endurskoðaðar sem áætlað var að endurskoða? | • Mat á starfsáætlun<br>• Samræmd könnunarpróf<br>• Auglýsa eftir starfsfólki<br>• Úrbótum eftir sjálfsmat lokið - óska eftir innra mats skýrslu skólans. |